

Fréttatilkynning

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri:

„Gæftir voru erfiðar á fyrstu þremur mánuðum ársins. Kolmunnaveiðin gekk ágætlega en loðnan lét ekki sjá sig. Loðnubrestur hefur alltaf mikil áhrif á afkomu félagsins á þessum ársfjórðungi. Afkoman núna er áþekkt og á árum áður þegar lítið sem ekkert hefur veiðst af loðnu.

Félagið hefur í dag gengið frá samkomulagi um kaup á frystitogaranum Ilivileq frá Arctic Prime Fisheries í Grænlandi fyrir 55 milljónir evra. Skipið mun styrkja frekar bolfiskveiðar félagsins en þær og vinnsla þeirra var eins og við reiknuðum með á árinu. Afurðaverð hækkaði á sjófrystum afurðum en verð á landfrystum afurðum stóð í stað. Markaðir okkar eru áfram erfiðir. Óvissa vegna stríða er enn til staðar og fjármunir eru áfram dýrir sem dregur bæði úr neyslu og uppbyggingu.

Þegar við horfum hingað heim á þætti sem hafa breyst og hafa áhrif rekstur Brims blasir við að við vorum ekki undir það búin að raforka til að knýja fiskmjölsverksmiðju okkar á Vopnafirði yrði ekki fánæg. Það kom okkur í opna skjöldu að við þyrftum að gera langtímasamninga um raforkukaup til að tryggja þá raforku sem við þyrftum. Ekki hvarflaði að okkur þegar Brim á sínum tíma fjárfestum í búnaði til að knýja fiskmjölsverksmiðju okkar með rafmagni að í framtíðinni yrði búið að selja það mikla raforku í langtímasamninga við stórnotendur að orkan yrði uppseld og ófánæg. Þá skal því haldið til haga að fyrirkomulag langtímasölusamninga raforku tekur ekki tillit til óvissu um aflabrogð og náttúrulegra sveifna í nýtingu endurnýjanlegra auðlinda, líkt og fiskistofnarnir við Ísland eru. Vegna þess hefur Brim þurft að kaupa tvær díselrafstöðvar og komið þeim fyrir og rekið í miðjum Vopnafjarðarbæ. Við það hefur kostnaður aukist og kolefnissporið stækkað en félagið hefur á undanförunum árum lagt metnað sinn í að minnka kolefnissporið. Mikilvægt er að breytingar á raforkulögum og þróun raforkumarkaðar á Íslandi styðji vegferð fyrirtækja í loftslagsmálum og markmið raforkulaganna um eflingu atvinnulífs og byggðar í landinu. Eða kemur að því á næstunni að Brim og önnur fyrirtæki á Íslandi þurfi að kaupa rafmagn af stóriðjunni á uppsprengdu verði þar sem stóriðjan hefur gert langtíma raforkusamninga við Landsvirkjun en íslenskt atvinnulíf og almenningur ekki?“

Starfsemin á 1F2024

Bolfiskveiðar og vinnsla félagsins gengu samkvæmt áætlun, að undanskildum veiðum á ufsa, einnig var þorskveiði í Barentshafinu töluvert lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir á tímabilinu. Skip félagsins veiddu tæplega 11 þús. tonn af bolfiski. Afurðaverð á sjófrystum afurðum styrktist á tímabilinu og var í lok tímabils hærra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Afurðaverð á landunnum bolfiskafurðum stóð í stað eða lækkaði samanborið við sama tímabil í fyrra, þorskverð eru stöðug á meðan karfaverð hafa gefið eftir.

Uppsývarveiðar skipa Brims hófust í janúar á kolmunna í færeysku lögsögunni. Kolmunnaveiðar voru stundaðar til loka febrúar og veiddust um 18 þúsund tonn á þeim tíma og var aflanum landað í fiskmjölsverksmiðju félagsins á Vopnafirði. Því miður fannst loðna ekki í nægjanlegu magni til að gefa út kvóta til veiða í ár og lágu því skipin við bryggju í mars.

Fréttatilkynning

Helstu atriði úr fjárhagsuppgjöri 1F 2024

- Vörusala var 94,5 m€ á fjórðungnum samanborið við 113,4 m€ á fyrsta fjórðungi 2023
- Hagnaður var 4,5 m€ á fjórðungnum samanborið við 18,9 m€ á fyrsta fjórðungi 2023
- EBITDA var 12,0 m€ og EBITDA hlutfall 12,8%
- Eignir hækkuðu um 3 m€ frá áramótum og voru 953 m€ í lok tímabilsins
- Eigið fé þann 31. mars 2024 var 452 m€ og eignfjárlutfall 47,4%

Rekstur

EUR '000	1F 2024	1F 2023
Seldar vörur	94.455	113.375
Kostnaðarverð seldra vara	(82.317)	(82.959)
Vergur hagnaður	12.138	30.416
Útflutningskostnaður	(1.792)	(2.513)
Annar rekstrarkostnaður	(2.830)	(3.067)
Rekstrarhagnaður	7.516	24.836
Fjáreignatekjur	901	1.177
Fjármagnsgjöld	(5.367)	(3.730)
Gengismunur	189	(779)
Áhrif hlutdeildarféлага	1.951	2.022
Hagnaður fyrir tekjuskatt	5.190	23.526
Tekjuskattur	(684)	(4.664)
Hagnaður tímabilsins	4.506	18.862
EBITDA	12.047	29.099
EBITDA%	12,8%	25,7%

Seldar vörur námu á 1F 2024 94,5 m€ samanborið við 113,4 m€ árið áður.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 12 m€ eða 12,8% af rekstrartekjum, en var 29 m€ eða 25,7% árið áður.

Nettó fjármagnskostnaður var 4,3 m€ en var 3,3 m€ á fyrsta fjórðungi 2023.

Hagnaður fyrir tekjuskatt var 5,2 m€, samanborið við 23,5 m€ á fyrsta fjórðungi 2023. Tekjuskattur nam 0,7 m€, en var 4,7 m€ árið áður. Hagnaður tímabilsins varð því 4,5 m€ en var 18,9 m€ árið áður.

Uppgjör Brims hf. á fyrsta ársfjórðungi 2024

Fréttatilkynning

Efnahagur

EUR '000	31.03.2024	31.12.2023
Fastafjármunir	779.692	779.419
Veltufjármunir	173.150	170.239
Eignir samtals	952.842	949.658
Eigið fé	452.046	472.808
Langtímaskuldir	410.101	412.885
Skammtímaskuldir	90.695	63.965
Eigið fé og skuldir	952.842	949.658

Heildareignir félagsins námu 953 m€ í lok 1F 2024. Þar af voru fastafjármunir 780 m€ og veltufjármunir 173 m€.

Eigið fé nam 452 m€ og var eiginfjárhlutfall 47,4%, en var 49,8% í lok árs 2023. Heildarskuldir félagsins voru 501 m€ í lok fjórðungsins og hækkuðu um 24 m€ frá áramótum. Arður sem samþykktur var á aðalfundi og greiddur þann 30. apríl hefur verið skuldfærður í efnahagsreikningi 31. mars 2024.

EUR '000	1F 2024	1F 2023
Handbært fé frá rekstri	13.417	17.317
Fjárfestingarhreyfingar	(1.481)	(6.898)
Fjármögnunarhreyfingar	(3.317)	(15.981)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	8.619	(5.562)
Handbært fé í lok tímabilsins	42.797	156.413

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 13,4 m€ á fyrsta fjórðungi ársins, en var 17,3 m€ á fyrsta fjórðungi 2023. Fjárfestingarhreyfingar voru 1,5 m€ og fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 3,3 m€. Handbært fé hækkaði því um 8,7 m€ og var 42,8 m€ í lok tímabilsins.

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrsta fjórðungs ársins 2024 (1 evra = 149,05 ísk) voru tekjur 14,1 milljarðar króna, EBITDA 1,8 milljarðar og hagnaður 0,7 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 31. mars 2024 (1 evra = 149,9 ísk) voru eignir samtals 142,8 milljarðar króna, skuldir 75,1 milljarðar og eigið fé 67,8 milljarðar.

Hluthafar

Lokaverð hlutabréfa 31. mars 2024 var 77 kr. á hlut og var markaðsvirði félagsins þá 148 milljarðar króna. Fjöldi hluthafa var 1.827.

Fréttatilkynning

Samþykkt árs hlutareiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum Brims hf. 23. maí 2024. Árshlutareikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards). Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Brim hf.

Brim er öflugt sjávarútvegsfyrirtæki sem starfar í sátt við samfélagið og umhverfið. Við stuðlum að verðmætasköpun í sjávarútvegi með vöruþróun, tæknilausnum og öflugum starfsfólki. Við tryggjum með ábyrgum veiðum og vinnslu, þar sem áhersla er á sjálfbærni og nýsköpun, að sjávarútvegur verði áfram burðarstólpi í íslensku samfélagi. Við leitum allra leiða til að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið hvort sem er á sjó eða í landi.

Fjárhagsdagatal

Annar ársfjórðungur	29. ágúst 2024
Þriðji ársfjórðungur	21. nóvember 2024
Fjórti ársfjórðungur	27. febrúar 2025

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kristjánsson forstjóri, sími 550-1000.